

STARFSLEYFI
Sveitarfélagið Hornafjörður
- urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar -
Kt.: 590169-4639

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtalra laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, kt. 590169-4639, fyrir urðun úrgangs á urðunarstaðnum á Mel í landi Fjarðar landnúmer L202904. Komi nýr aðili að rekstri urðunarstaðarins er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi.

Sveitarfélagið Hornafjörður er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að urða allt að 3.000 tonn af almennum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Heimilt er að urða allt að 10 tonnum af úrgangi á sólarhring.

[Jarðgerð á allt að 500 tonnum á ári af lífrænum úrgangi/lífúrgangi, s.s. lífbrjótanlegum garðaúrgangi, viðarúrgangi og matar- og eldhúsúrgangi er heimil á urðunarstaðnum. Heimilt er að geyma á svæðinu allt að 20 tonn af timbri til jarðgerðarinnar.]¹

Urða má allan úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn eða ökutæki á urðunarstaðnum. Eingöngu má urða [eða jarðgera]² aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum [...] ³ reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum.

¹ Breyting 2022, viðbót.

² Breyting 2022, viðbót.

³ Breyting 2022, hér stóð áður: „í a. lið í 1. gr.“

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð. Brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

1.3. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóka við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.12 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.]⁴

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. [Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.]⁵

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang.

Unnið skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. gr. 1.7, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri urðunarstaðarins.

⁴ Breyting 2022, ákvæði uppfært.

⁵ Breyting 2022, viðbót.

1.6. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun á nýjan leik ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hans. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun. Prentað eintak að neyðaráætlun skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila [...]⁶.

1.8. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 61. gr. laga nr. 55/2003 og 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

1.9. [Endurskoðun starfsleyfis]

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Breyttra forsenda, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.

Rekstraraðili skal sé þess óskað af Umhverfisstofnun að leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.]⁷

⁶ Breyting 2022, hér stóð áður: „og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2013“.

⁷ Breyting 2022, ákvæðið uppfært.

1.10. Samráðsfundur

[...]⁸

1.11. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

1.12. Valdsvið , viðurlög og þvingunarúrræði

[Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.]⁹

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum í XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

2. STARFSHÆTTIR

2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Umhverfisstofnun getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu og öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrífnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Taka skal tillit til nálægra íbúa með því að taka mið af vindafari hverju sinni við móttöku og urðun.

⁸ Breyting 2022, hér stóð áður: „Fjórdá hvert ár skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun áætlaða um eftirlitsmælingar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.“

⁹ Breyting 2022, viðbót.

2.2. Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Starfa má samkvæmt eigin kerfi eða velja staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.4. Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfsemi og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og skal prentað eintak vera tiltækt starfsmönnum á vinnustað og aðgengilegt eftirlitsaðila. [Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Hún skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengilegt eftirlitsaðila.]¹⁰

2.5. [...]¹¹

2.6. [Viðbrögð við mengunaróhöppum og frávikum]

Verði óhapp eða annað tilvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.4. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 - Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp og frávik eins fljótt og mögulegt er á netfangið ust@ust.is. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.]¹²

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

¹⁰ Breyting 2022, viðbót.

¹¹ Breyting 2022, hér stóð áður: „Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.“

¹² Breyting 2022, ákvæði uppfært.

Eftirlitsaðila er heimilt að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7. Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum urðunarstaðarins. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma urðunarstaðar ef þörf krefur. [Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið rekstraraðila og/eða tengiliðsupplýsingum.]¹³

2.8. Starfsmenn og starfsumhverfi

[Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað.]¹⁴ Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. [Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.]¹⁵ Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.9. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við stefnu stjórnvalda og gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurvinnslumöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst inn á urðunarsvæðið í slíka vinnslu, ef kostur er.

2.10. Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.11. Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um

¹³ Breyting 2022, viðbót.

¹⁴ Breyting 2022, viðbót.

¹⁵ Breyting 2022, viðbót.

lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

2.12. Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.]¹⁶

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1. Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana. Heimilt er að hafa opnar samtímis tvær urðunarreinar fyrir hvern úrgangsflokk þannig að hægt sé urða með tilliti til vindáttar til að lágmarka fokhættu.

3.2. Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og reinar skulu þannig staðsett og hönnuð að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu, og tryggt að grunnvatn komist ekki að.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal ennfremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins skal nýta náttúrulegt leirlag sem jarðfræðilegan tálma, í samræmi við lýsingar sem koma fram í starfsleyfisumsókn og áhættumati sem fylgdi umsókninni. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á botni og fjarlægð á milli sigvatnssöfnunarröra.
- Hliðar urðunarreina skal klæða með viðurkenndum bentónít-dúk sem hefur lektarstuðul að hámarki $1,0 \cdot 10^{-11}$ m/s og lágmarksþykkt 7 mm. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi

¹⁶ Breyting 2022, viðbót.

starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á hliðum og staðsetningar sigvatnssöfnunarröra.

Samkvæmt ofangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni verði ofangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir má búast við að Umhverfisstofnun endurskoði þær kröfur sem koma fram í þessari grein.

3.3. Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt í gegnum hreinsivirki áður en [það er losað]¹⁷ í viðtaka á aurum Fjarðarár, [vatnshlot nr. 103-1053-R]¹⁸. Í hreinsivirki skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka, t.d. með setþró, olú/fitugildru, loftun og síun.

[Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna starfseminnar. Urðun og jarðgerð má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnshlotsins varðandi líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.9, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hættu er á að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.]¹⁹

3.4. Hauggass

Urðunarstaðurinn fellur undir b-lið tl. 4.2.4 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003. Rekstraraðili hefur lagt fram gögn sem sýna fram á að tæknilega ógerlegt er að safna hauggasi á urðunarstaðnum, miðað við gefnar forsendur. Því er ekki gerð krafa um söfnun hauggass. Jafnframt er ekki gerð krafa um sýnatöku og mælingar á hauggasi, sbr. tl. 4.2.6 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003.

3.5. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

¹⁷ Breyting 2022, hér stóð áður: „því er sleppt“

¹⁸ Breyting 2022, viðbót.

¹⁹ Breyting 2022, viðbót.

Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður [eða jarðgerður.]²⁰

Skrá skal magn og eiginleika úrgangs sem tekið er á móti á urðunarstaðnum, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Skrá skal uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangsins.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar [og jarðgerðar]²¹, að undanskildum stöðugum, óvirkum spilliefnum sem heimilt er að urða skv. gr. 1.2. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3. Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni eða nótum sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

Eðju úr rotþróum og fituskiljum skal þykkja eins og kostur er áður en hún er urðuð.

4.4. Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.5. Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn.

²⁰ Breyting 2022, viðbót.

²¹ Breyting 2022, viðbót.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti og ráðstöfun hans, sbr. gr. 4.1.
- Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
- Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
- Breyting á umfangi (sig) urðaða úrgangsins.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
- Rekstur hreinsimannvirkja.
- Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns, grunnvatns og yfirborðsvatns, sbr. gr. 5.2.
- Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu hauggass, sbr. gr. 5.2.
- Daglegt magn úrkomu á staðnum.
- Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
- Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
- Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, aurum, yfirborðsvatni og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Farið er fram á að brunnur verði útbúinn ofan urðunarstaðar þar sem hægt verði að taka grunnvatnssýni. Neðan urðunarstaðar skal grafa holur undir bakka við jaðar urðunarstaðar þegar sýni eru tekin. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn og hauggas samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Sýnatökustaður	Efnisþættir	Tíðni*
Magn sigvatns	Við hreinsivirki	Rennsli	Mánaðarlega (einnig við hverja sýnatöku)
Samsetning sigvatns	a) Ofan hreinsivirkis b) Neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), uppleyst lífrænt kolefni (DOC), köfnunarefni (N _{heild}), ammóníum (NH ₄ ⁺), nítrat (NO ₃ ⁻), fosfór (P _{heild}),	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.

		olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl ⁻), flúoríð (F ⁻), sulfat (SO ₄ ⁻²), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimóní (Sb), selen (Se), tin (Sn)	
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: a) ofan urðunarstaðar b) Grafið niður á grunnvatn á aurum Fjarðarár	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: a) ofan urðunarstaðar b) Grafið niður á grunnvatn á aurum Fjarðarár	Hitastig, leiðni, pH, ammóníum (NH ₄ ⁺), nítrat (NO ₃ ⁻), fosfór (P _{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár (fyrst 2013); fyrir 1. okt.
Samsetning yfirborðsvatns	a) skurður ofan urðunarstaðar b) lækur neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), köfnunarefni (N _{heild}), ammóníum (NH ₄ ⁺), nítrat (NO ₃ ⁻), fosfór (P _{heild}), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), kopar (Cu), sink (Zn), króm (Cr), nikkell (Ni), arsen (As)	Annað hvert ár (fyrst 2013); fyrir 1. okt.

Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er Umhverfisstofnun heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að fara fram á tíðari mælingar.

5.3. Losunarmörk

Við útrás fráveituvatns í Lóni má hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum og sveppum).
- Olía eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Gæði yfirborðsvatns skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu [eða umhverfisupplýsingar]²² ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5. Umhverfisupplýsingar

[Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.]²³

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. [Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.]²⁴

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 6. nóvember 2028.

Reykjavík, [18.8.2022]²⁵

Umhverfisstofnun

Elva Rakel Jónsdóttir
staðgengill forstjóra

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

²² Breyting 2022, hér stóð áður: „grænt bókhald“.

²³ Breyting 2022, ákvæði uppfært.

²⁴ Breyting 2022, ákvæði uppfært.

²⁵ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 6. nóvember 2012, var breytt 20. október 2020 og 18.8.2022.

[FYLGISKJAL

Greinargerð vegna auglýsingar og vinnslu breytingar á starfsleyfi og útgáfu breytts starfsleyfis í framhaldi af auglýsingu.

Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður sendi Umhverfisstofnun erindi þar sem óskað var eftir breytingu á starfsleyfi sveitarfélagsins til urðunar úrgangs í landi Syðri-Fjarða. Breytingin fellst í að heimild til jarðgerðar á urðunarstaðnum er bætt við í starfsleyfið. Áður hafði Umhverfisstofnunar borist álit Skipulagsstofnunar um að umrædd breyting krefðist ekki nýrrar matskylduákvörðunar.

Auglýsing breytingatillögu

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, á tímabilinu 20. júní til og með 19. júlí 2022 á heimasíðu stofnunarinnar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Engin umsögn eða athugasemd barst á auglýsingatíma.

Breyting frá auglýstri tillögu

Hinni auglýstu tillögu hefur ekki verið breytt fyrir útgáfu starfsleyfis.]²⁶

²⁶ Breyting 2022, greinargerð vegna breytingar á starfsleyfi.